

Fimmtudaginn 18. nóvember 1993.

Nr. 70/1991.

Guðmundur Norðdahl

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Jóhannesi Ingibjartssyni og

Nirði Tryggvasyni

(Guðmundur Markússon hrl.).

Verklaun. Áskorunarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1991, og krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að dráttarvextir verði dæmdir frá 1. september 1988 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Upplýst var við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að Verkfræði- og teiknistofan sf. var lögð niður 31. desember 1989, og hafa stefndu, sem voru einu eigendur hennar, tekið við aðild málsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Greiða skal vexti af tildæmdri fjárhæð frá 1. september 1988 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 auk vaxtavaxta, eins og í héraðsdómi segir.

Mál þetta var höfðað í héraði sem áskorunarmál, andstætt ákvæðum þágildandi 222. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Skorti því á skýrleik í málalíbúnað í upphafi. Málinu var síðan vikið til almennrar meðferðar.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Dráttarvextir af tildæmdri fjárhæð skulu frá 1. september 1988 greiddir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Áfrýjandi, Guðmundur Norðdahl, greiði stefndu, Jóhannesi Ingibjartssyni og Nirði Tryggvasyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akraness 15. nóvember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 13. nóv. 1990, hefur Verkfræði- og teiknistofan sf. á Akranesi höfðað á hendur Guðmundi Norðdahl, kt. 290228-4929, Kirkjubraut 59, Akranesi (nú til heimilis að Laxakvísl 3, Reykjavík), til greiðslu skuldar, að fjárhæð 33.336 kr., auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda hefur verið krafist sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu, jafnframt því sem krafist er hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld stafa af því, að ógreiddir séu tveir reikningar vegna burðarþolshönnunar bílskúrs á lóð stefnda við Kirkjubraut 59 á Akranesi. Í mars-apríl 1987 fól stefndi syni sínum, Garðari Norðdahl, að teikna bílskúr, sem hann hugðist reisa á nefndri lóð. Skyldi bílskúrin vera stálgrindarhús. Garðar er járnsmiður að mennt og hefur starfað mikið við gerð stálgrindarhúsa. Þar sem hann hafði ekki réttindi sem arkitekt, voru teikningarnar að sögn stefnda áritaðar af Sigurði Helgasyni húsasmíðameistara.

Bílskúrin var reistur í júní-júlí 1987. Meðan á þeim framkvæmdum stóð, kom byggingarfulltrúinn, Skúli Lýðsson, á staðinn og fór fram á, að gerður yrði aðaluppdráttur, svo að unnt yrði að gefa út byggingarleyfi. En mælikvarði aðaluppdráttar, útlitsteikningar, sem stefndi hafði útvegað sér frá syni sínum og nefndum húsasmíðameistara, var ekki samkvæmur þeim staðli, sem kveðið var á um í byggingarreglugerð. Þess vegna fékkst ekki byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni, fyrr en úr því var bætt. Var stefnda bent á, að endurteikna yrði bílskúrin í réttum stærðarhlutföllum. Stefndi fól þá stefnanda að vinna það verk, og var það gert. Framkvæmdir lágu síðan niðri, á meðan það verk var unnið. Sá aðaluppdráttur var síðan lagður fyrir byggingarnefnd Akraness, sem samþykkti hann 9. júlí 1987 og veitti þar með byggingarleyfið.

Þegar bílskúrin hafði verið reistur, líklega um mánaðamót júní-júlí 1987, og að því kom, að úttekt skyldi fara fram á verkinu, fékkst hún ekki, þar sem teikningar af burðarþolsvirkjum og skólplögn vantaði frá mönnum, er til þeirra verka hefðu réttindi að álitum byggingarnefndar.

Byggingarfulltrúinn, Skúli Lýðsson, hefur komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa krafist nefndra séruppráttanna og hafa stöðvað framkvæmdir að öðru leyti, uns úttekt lægi fyrir. Byggingarfulltrúinn kveður stefnda hafa verið með einhverjar teikningar frá mönnum, sem hefðu ekki haft til þess réttindi. Hann kveðst hafa bent stefnda á aðila á Akranesi, sem gerðu slíkar teikningar, en neitar því að hafa falið stefnanda að gera teikningarnar.

Gunnar Valur Gíslason, einn starfsmanna stefnanda, kveðst hafa verið kallaður til að líta á bílskúrinn við Kirkjubraut 59 og hafa hitt þar fyrir stefnda. Hann hafi tjáð sér, að hann fengi ekki úttekt á verkið, þar sem burðarþolsteikningar vantaði. Einnig hafi Skúli Lýðsson byggingarfulltrúi haft samband við sig og spurt, hvort burðarþolsteikningar lægju fyrir hjá teiknistofunni. Gunnar Valur kveður stefnda hafa beðið sig að gera nefnda sérupprætti. Lauk stefnandi síðan sérteikningum að burðarþolsvirkjum og skólplögn, og eru þær dagsettar 31. ágúst og 1. sept. 1987. Byggingarfulltrúi áritaði um móttöku á sérupprættina 2. sept. 1987. Stefndi kveðst hins vegar hafa haft í höndum sérteikningar, sem samþykktar hefðu verið af nefndum byggingarmeistara, Sigurði Helgasyni, en þær hafa þó ekki verið lagðar fram í málinu. Stefndi segir sér ekki hafa verið tilkynnt um né samráð haft við sig, þegar stefnanda hafi verið falið verkefni þetta. Á séruppráttinn er ritað: „SKÝRINGAR: Þessi uppráttur er gerður að kröfu byggingarfulltrúa. Uppsetning timburgrindarinnar er þegar lokið, þ. e., upprátturinn skoðast ekki sem hönnunaruppráttur. Burðarþol timburgrindarinnar er nægilegt.“

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi beðið stefnanda að gera burðarþolsútreikninga vegna bílskúrs þess, sem hann var að reisa á lóð sinni við Kirkjubraut 59, Akranesi, svo að unnt yrði að taka verkið út. Stefndi hefði viðurkennt að hafa beðið stefnanda að vinna verkið til að fá bætt úr annmörkum á teikningum þeim, sem stefndi hafði undir höndum. Teikningar þær, sem stefndi hefði áður látið gera, hefðu verið ófullnægjandi. Byggingarfulltrúi hefði neitað að taka út verkið, nema fyrir lægju teikningar þær, sem stefnandi gerði fyrir stefnda. Stefnandi hefði unnið umbeðið verk og gert burðarþolsútreikningana í formi teikningar, svo sem venja sé til, og sé stefndi krafinn um greiðslu fyrir það verk. Hér sé ekki um frumteikningar að ræða, þ. e., verkið hafi áður verið hannað. Með teikningunum hafi stefnandi fullnægt þeim formaskilyrðum, sem byggingarreglugerð krefst. Við öllum teikningum, sem krafnið sé um greiðslu fyrir, hafi byggingarfulltrúi tekið.

Af hálfu stefnda eru færð þau rök fyrir sýknu, að einungis hafi verið farið fram á við stefnanda, að hann málsetti þær teikningar, sem stefndi

hefði þegar haft undir höndum. Flestar teikningar stefnanda hefðu verið gerðar, eftir að húsið hafði verið reist. Allt, sem stefndi hafi beðið um, hafi þegar verið greitt. Vísar stefndi um það til kvittaðs reiknings. Verk það, sem stefnandi hafi unnið, hafi stefndi ekki beðið um, heldur byggingarfulltrúi Akranesskaupstaðar. Stefndi hafi aldrei fengið teikningar þær, sem hann sé nú krafinn um greiðslu fyrir. Kaupstaðurinn hafi verið eignaraðili að Verkfræði- og teiknistofunni sf. fram í des. 1987. Einungis virðist hafa verið gerð krafa um nýjar teikningar til að útvega teiknistofunni verk efni.

Niðurstaða dómstólsins.

Dómstóllinn telur sannað, að stefndi hafi beðið stefnanda að vinna það verk, sem hann er nú krafinn um greiðslu fyrir. Stefndi hefur viðurkennt að hafa tvívegis beðið stefnanda að aðstoða sig, svo að kröfum byggingaryfirvalda yrði fullnægt um byggingu bílskúrsins á lóðinni nr. 59 við Kirkjubraut á Akranesi. Fyrst beiddist hann þess, að stefnandi gengi frá aðaluppdrætti (útlitsteikningu), svo að byggingarleyfi fengist fyrir framkvæmdinni. Það verk var unnið og reikningur gerður fyrir það, sem stefndi hefur greitt. Síðar, þegar byggingaryfirvöld gerðu kröfu um séruppdrætti að burðarþolsvirkjum og skólplögn, sneri stefndi sér aftur til stefnanda og fór fram á, að hann fullnægði þeim kröfum. Stefndi kveður „byggingarfulltrúann hafa stöðvað framkvæmdir, líklega um mánaðamót júní-júlí, og krafist burðarþolsteikninga“. Hann kveðst þá „hafa farið með hinar upphaflegu teikningar á Verkfræði- og teiknistofuna sf. og kveðst hafa beðið menn þar á teiknistofunni að framkvæma burðarþolsútreikning“. Stefndi hefur þannig beinlínis viðurkennt að hafa beðið stefnanda að vinna verkið. Séruppdrættirnir hafa verið lagðir fyrir dóminn. Óumdeilt er og, að verk það, sem krafist er greiðslu fyrir, var unnið. Ekki þykir rétt að skilja „skýringar“ þær, sem ritaðar eru á séruppdrættina, á þann veg, að byggingarfulltrúi Akraness hafi krafist þess af Verkfræði- og teiknistofunni, að hún gerði uppdrættina. Ekki þykir hér skipta máli, þótt uppdrættirnir hafi ekki farið um hendur stefnda, áður en þeir voru lagðir inn hjá byggingarfulltrúa um mánaðamót ágúst-sept. 1987.

Þótt stefndi krefjist algerrar sýknu, virðist hann í raun einungis vera að gagnrýna, að stefnandi hafi unnið og gert reikning fyrir meira verk en hann fól honum. Hann hefur þó ekki, hvorki utan réttar né fyrir dómi, reynt að sýna fram á, að reikningur stefnanda fyrir séruppdrættina hafi ekki verið gerður með hliðsjón af raunverulegu umfangi verksins, því að ekki var um frumhönnun verks að ræða, heldur einungis verk til að fullnægja skilyrðum byggingarreglugerðar eftir á. Ekki hefur hann heldur vefengt, að reikningurinn sé sanngjarn með hliðsjón af umfangi verksins. Ekki hefur

hann heldur reynt að sýna fram á, að burðarþolsútreikningar stefnanda hafi orðið dýrari, af því að þeir voru settir fram í formi uppdrátta, en ekki einungis í tölum, skráðum á fyrri ósamþykktar teikningar stefnda. Áhættan af vafa um þessi efni hlýtur því að falla á stefnda, og er ekki á valdi dómstólsins að takast á hendur af sjálfsdáðum að leggja mat á, hvort reikningsfjárhæð stefnanda er sanngjörn. Að þessu athuguðu þykir verða að taka kröfur stefnanda til greina. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Norðdahl, kt. 290228-4929, greiði stefnanda, Verkfræði- og teiknistofunni, Akranesi, skuld, að fjárhæð 33.336 kr. auk 3,6% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af 22.213 kr. frá 1. 10. 1987 til 1. 11. 1987, 3,8% drv. frá þ. d. til 1. 12. 1987, 4,1% drv. af 33.336 kr. frá þ. d. til 1. 1. 1988, 4,3% drv. frá þ. d. til 1. 3. 1988, 3,8% drv. frá þ. d. til 1. 5. 1988, 3,7% drv. frá þ. d. til 1. 7. 1988, 4,4% drv. frá þ. d. til 1. 8. 1988, 4,7% drv. á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ. d. til greiðsludags og 20.000 kr. í málskostnað. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 10. 1988, og málskostnaður beri dráttarvexti, þá er fimmtán dagar eru liðnir frá uppkvaðningu dóms og til greiðsludags. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
